

## INNKAUPASTEFNA REYKJAVÍKURBORGAR

Það er stefna Reykjavíkurborgar:

1. Að við innkaup Reykjavíkurborgar sé þess gætt að ákvæðum laga og reglna er varða innkaup sé fylgt í hvívetna.
2. Að gætt sé jafnræðis þeirra sem viðskipti eiga við Reykjavíkurborg.
3. Að innkaupareglur og innkaupaaðferðir séu skýrar og gagnsæjar.
4. Að stuðla að samkeppni á markaði varðandi sölu á vörum, verkum og þjónustu til Reykjavíkurborgar.
5. Að beitt sé markvissum og skipulögðum vinnubrögðum við innkaup og með þeim stuðlað að hagkvæmni í rekstri og framkvæmdum Reykjavíkurborgar.
6. Að við innkaup Reykjavíkurborgar sé beitt útboðum, að eins miklu leyti og unnt er og hagkvæmt þykir og að hlutur útboða í heildarinnkaupum Reykjavíkurborgar aukist.
7. Að samræma innkaup fyrir einstakar stofnanir og fyrirtæki Reykjavíkurborgar að svo miklu leyti sem hagkvæmt þykir.
8. Að við innkaup sé auk kostnaðar tekið tillit til gæða- og umhverfissjónarmiða.
9. Að ábyrgð á að innkaup séu í samræmi við reglur Reykjavíkurborgar sé á hendi viðkomandi sviðsstjóra.
10. Að beita sér fyrir því að fyrirtæki í meirihlutaeigu Reykjavíkurborgar gæti þeirra sjónarmiða sem felast í innkaupastefnu og innkaupareglum Reykjavíkurborgar.

Samþykkt á fundi borgarráðs 14. janúar 2003/Endurskoðað 26.01.05  
með gildistöku 1. febrúar 2003, sbr. samþykkt borgarstjórnar 16. janúar 2003